

# Viðbragðsáætlun Grunn- og leikskóla Borgarfjarðar eystra vegna yfirlýsingar Almannaþingar um neyðarstig og samkomubann.

Í yfirlýsingu Almannaþingar segir:

*Grunnskólar mega hafa kennslu í skólabyggingum ef þeir tryggja að ekki séu fleiri en 20 nemendur í sömu kennslustofu og að nemendurnir blandist ekki milli hópa, til dæmis í mötuneyti eða frímínútum. Eins þarf að þrifa eða sótthreinsa skólabyggingarnar eftir hvern dag.*

*Leikskólar mega hafa opið og halda uppi leikskólastarfi ef þeir tryggja að börn séu í sem minnstum hópum og aðskilin eins og kostur er. Eins þarf að þrifa eða sótthreinsa leikskólabyggingarnar eftir hvern dag.*

## **VIÐBRAGÐSÁÆTLUN GÆTI TEKIÐ BREYTINGUM FRÁ DEGI TIL DAGS OG VERÐUR ÞVÍ ENDURSKOÐUÐ REGLULEGA MEÐ TILLITI TILI FRAMGANG COVID-19 VEIRUNNAR.**

### **NEYÐARTEYMI**

Sigprúður Sigurðardóttir skólastjóri, Jóna Björg Sveinsdóttir umsjónarkennari, Jóhanna Óladóttir skólaliði, Bryndís Snjólfsdóttir leiðbeinandi og Sylvía Ösp Jónsdóttir starfsmaður á leikskóla.

Áætunin verður send til sveitarstjórnar, formanns skólanefndar og foreldraráðs skólans sem fær hana til umsagnar.

**Viðbragðsáætlun þessi tekur gildi 23. mars með fyrirvara um athugasemdir umsagnaraðila.**

### **UPPLÝSINGAGJÖF**

Góð upplýsingagjöf til foreldra er mikilvæg og nauðsynlegt að allir starfsmenn komi með ábendingar til skólastjóra ef einhverjar eru áður en upplýsingar eru sendar út hverju sinni.

Upplýsingagjöf til foreldra skal vera í tölvupósti eða haft samband símleiðis. Upplýsingagjöf til sveitarstjóra og formann skólanefndar.

### **STARFSFÓLK MEÐ UNDIRLIGGJANDI SJÚKDÓMA**

Starfsfólk er beðið um að láta skólastjóra vita ef það er með undirliggjandi sjúkdóma sem hafa áhrif á ónæmiskerfið.

Þessi sjúkdómar eru:

- Hár blóðþrýstingur/hjartasjúkdómar
- Sykursýki
- Langvinn lungnateppa
- Langvinn nýrnabilun
- Krabbamein
- Skert starfsemi ónæmiskerfis

Starfsfólk láti einnig vita ef aðrar ástæður gætu legið að baki því að þið getið ekki mætt til vinnu vegna COVID-19.

Ef starfsmaður þarf að fara í sóttkví þarf hann að láta vita af því strax.

Gæta skal að starfshlutfall og kjarasamningum starfsmanna.

## **ALMENNAR RÁÐSTAFANIR 23. MARS – 23. APRÍL**

Mikilvægt er að sem eðlilegust starfsemi fari fram í skólanum og varast ber að vekja óþarfa kvíða og óöryggi meðal nemenda. Sjá skal til þess að einstaklingar haldi hæfilegri fjarlægð og varast ber of mikla nánd og snertingu. Sérstaklega þarf að huga að þessu í skipulagningu kennslunnar. Brýnt er að allir þvoí hendur reglulega og vandlega og viðhafi almennt hreinlæti.

Hópar í rými mega vera 20 nemendur í einu skv. leiðbeiningum frá landlækni. Starfsmenn og nemendur í Grunn-og leikskóla Borgarfjarðar eystra teljast því einn hópur og ekki þörf á að skipta nemendum í einangruð rými.

Upplýsa þarf nemendur um samkomubann og almennar reglur sem gilda hverju sinni. Einning verða nemendur upplýstir um breytingar á fyrirkomulagi í skólanum og tilgang breytinganna.

**Komi upp smit í samfélaginu á Borgarfirði eystra þá hefur starfsfólk skólans val um að halda sig heima í ljósi persónulegra aðstæðna (undirliggjandi sjúkdómar starfsmanna eða, nánir aðstandendur með undirliggjandi sjúkdóma). Vegna þessa gæti komið til raskana á skólastafi.**

**Þá geta foreldrar einnig ákveðið að haldið börnum sínum heima.**

**Stuðningur:** Ef stuðningsaðilar eru fjarverandi til lengri tíma þarf að endurskoða stuðning varðandi kennslu viðkomandi nemanda.

## **GRUNNSKÓLADEILD**

Stefnt er að því að skólastarfi verði haldið úti eins lengi og hægt er. Kennt verður eftir stundaskrá á meðan hægt er en þær aðstæður gætu skapast að stokka verði upp stundaskrá, skólahald skert eða skóla lokað. Stafsmenn og nemendur þurfa að vera viðbúnir því að gripið verði til fjarkennslu.

Nemendahópur í grunn- og leikskóla og starfsmenn skólans telst einn hópur. Skv. skilgreiningu almannavarna um fjölda nemenda í rými þykir því ekki ástæða til að

hólfa skólann niður í einangruð rými. Til þess að gæta alls öryggis skal þó dreifa nemendum um rýmin.

Eldri deildir verði í umsjónarstofu með kennara en yngri deildir í stofu á móti og stuðningfulltrúi sinnir þeim. Kennarar bera þó ábyrgð á námi allra nemenda.

Verk-og listgreinar verða kenndar áfram. Kennt verður í tveimur stofum, viðfangsefni verða aðlöguð núverandi aðstæðum, t.d. kennsla úti í náttúrunni.

Íþróttatímar verði sem mest hafðir úti þegar þannig viðrar og viðfangsefnin án snertinga.

- Nemendur hafa námsbækur og námsgögn á borði við hlið skólaborðsins (ekki í sameiginlegum skáp eins og er nú) þ.e. bækur, ritföng, vasareiknir, tölva. Sameiginlegum námsgögnum þarf að skipta á milli nemenda).
- Kenna skal nemendum ákveðna umgengni þar sem eru sameiginlegir snertifletir.
- Nemendum skipt í rými í yndislestri.
- Nemendum verður skipt niður á salerni skólans.
- Bréfpurrkur verða teknar í notkun aftur í stað handklæða

(23. mars 2020)

Fellaheimsóknum verður frestað um óákveðinn tíma.

Árshátíð er aflýst.

Skíðaferð verður felld niður.

Austurlandsteymisheimsókn frestað um sinn.

Teymisfundum verður frestað um sinn.

## LEIKSKÓLADEILD

Starfsmaður deildar tekur á móti barni í anddyri skólans og skilar barni af sér í anddyri eða í útivist.

**Gestabörn verði ekki tekin inn í leikskólann.**

## HREINLÆTI - ÞRIF

Starfsmenn hugi vel að eigin hreinlætisvenjum og vörnum.

Þrif verða aukin í rýmum og á yfirborðsflötum, vanda skal vel til verka.

**1. Sjá gátlista vegna þrifa í grunn-og leikskólum**

Lofta skal reglulega út í rýmum skólans. Starfsmenn á leikskóla sjá um það á leikskólanum, kennarar í skólastofum og miðrymi og á kennarastofu/kaffistofu, matráður í matsal og elhúsi.

Bréfpurrkur verði aftur teknar í notkun á salernum.

## **Skólastjóri fer tvisvar á dag og sprittar helstu almenna snertifleti skv. gátlista frá Almannavörnum.**

### **MATRÁÐUR**

Matráður sem starfar einnig í leikskóla og við þrif þarf sérstaklega að huga að vörnum áður en hann fer að matbúa.

- Vönduð handhreinsun
- Gæta hreinlætis við matargerð
- Nota hanska og svuntu
- Með vönduðum þrifum áhalda og umhverfis, fötum o.s.frv.

### **MATSALUR**

Nemendur sitja með hæfilegu millibili í matsal.

Matráður skammtar á diska og afhendir hnífapör.

Nemendur og starfsfólk fara ekki inn í eldhús.

### **ALMENNT UM VEIKINDI**

Ef starfsmaður veikist með kvef/beinverki eða almennan slappleika er hann heima og tilkynnir forföll. Ef hann veikist á skólatíma fer hann strax heim.

Börn á ekki að senda veik eða slöpp í skólann.

Fara skal að reglum frá Almannavarnadeild og hafa samband í síma 1700 í veikindatilfellum.

Ef kennari/starfsmaður er veikur eða í sóttkví má búast við að kennsla í hóp/á deild falli niður.

Ef matráður er veikur eða í sóttkví verður enginn hádegismatur og lýkur skóla 12:00 eða nesti að heiman.

### **VEIKINDI - STARFMENN**

Veikist starfsmaður í skólanum fer hann strax heim og gæti komið til þess að senda nemendur heim.

Veikist barn í skólanum þarf að einangra það frá hópnum, hafa samband við foreldra/forráðamenn sem kemur og sækir það.

### **COVID-19 SMIT**

**Komi upp COVID-19** smit tekur samstarf neyðarteymis við heilbrigðisyfirvöld gildi.

**2. Sjá gátlisti vegna smits nemanda/starfsmanns af COVID-19 í grunnskóla**

Slóð nemandans/starfsmannsins verður rakin og samnemendur í hóp ásamt kennurum fara þá í sóttkví.

*Fari nemandi í sóttkví þarf að ákveða hvernig staðið verður að kennslu vegna hans.*

## **SKÓLABÍLL**

Bílstjórar skólabíls kynna sér neyðaráætlun vel. Í skólabíl skal sinna almennu hreinlæti og sóttthreinsa snertifleti. Hægt að fara hvorn legg fyrir sig ef þarf.

## **Áætlun B**

### **Undirbúningur stjórnenda og kennara undir fjarkennslu næst/næstu skref ,**

Starfsfólk í grunnskóladeild þurfa að vera tilbúnir með áætlun B ef loka þarf skóla og grípa til fjarkennslu. Ýmsar leiðir eru til að kenna í gegnum fjarfundabúnað og mun starfsfólk vera tilbúið með það skipulag þegar og ef þar að kemur. Í því ljósi hafa kennarar eftirfarandi í huga:

- Lesa sér til um góðar leiðir og líta til annarra skóla sem þegar kenna í fjarkennslu (messenger á facebook, Zoom, o.fl.)
- kynna sér efnið sem verið er að setja á RUV og MMS
- kenna nemendum á þær gáttir sem þeir hyggja nota
- kynna sér stöðu tölvumála og lpada á heimilum nemenda
- nemendur sem ekki hafa aðgang að tölvum heima fá fartölvu í eigu skólans
- Karaconnect hugbúnaðurinn stendur skólum til boða þeim að kostnaðarlausu á meðan skólastarf er skert vegna Covid-19.

Gagnlegir hlekkir

Skólaumbótaspjallið á facebook

Snjallkennsla.is

Snjallforritið seesaw fyrir kennara og heimili

Google classroom

<https://sites.google.com/rvkskolar.is/snillismidjur/verkefni?authuser=0&fbclid=IwAR1K1hno4NgG30vtu0lfh4IBQYtov9CRGKJBL3MMciGiGurjMNO02OIKY5Q>

smore – forrit til að búa til fréttir

wix-

karaconnect.is

# GÁTLISTAR-FYLGISKJÖL (VEFSLÓÐIR)

## 1. Gátlisti vegna þrifa í grunn-og leikskólum

Í lok dags þarf að strjúka með sápuvatni eða sótthreinsiefni í klút yfir:

- hurðahúna
- hurðalæsingar
- dyrastafi
- ljósarofa
- handrið
- snertiskjái
- lyklaborð
- tölvumýs

Gólfþrif séu eins og venjulega.

Þrif á leikföngum

Komi upp smit á heimili barns sem er á leikskóla, þarf að:

- \* Taka öll leikföng sem hægt er að setja í uppþvottavél og þvo.
- \* Þrifa það sem hægt er að þrifa.

## 2. Gátlisti vegna smits nemanda/starfsmanns af COVID-19 í grunnskóla

Tilfelli nr \_\_\_\_\_

- Tilkynnt er um smit nemanda/ starfsmanns eða grun um smit
  - Af foreldri / forráðamanni eða starfsmanni.
  - Frá smitrakningateymi almannavarna.
  - Mögulegt smit uppgötvast í skólastarfi.
- Forráðamaður upplýstur og nemandi/starfsmaður er beðinn um að fara heim ef við á.
- Skólastjóri og skólahjúkrunarfræðingur upplýstur um stöðuna.
- Skólahjúkrunarfræðingur ræðir við forráðamann/starfsmann og fær nánari upplýsingar.
- Hjúkrunarfræðingur leitar ráða hjá heilsugæslu um næstu skref.
- Unnið skv. ráðleggingum heilbrigðisyfirvalda.
- Skólastjóri metur í samræmi við ráðleggingar heilbrigðisyfirvalda hvernig upplýsingamiðlun skal háttáð vegna viðkomandi tilfellis.

## Gagnlegir vefir

Tilkynningu um takmarkanir á samkomum má lesa á [vef heilbrigðisráðuneytisins](#). Opnast í nýjum [glugga](#), en ítarlegar upplýsingar um samkomubannið má finna á [upplýsingavef embættis landlæknis og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra](#); [Covid.is](#)

Í ljósi samkomubanns og takmarkana sem nú eru í gildi á skólastarf vilja Almannavarnir og embætti landlæknis koma eftir farandi upplýsingum á framfæri við skólastjórnendur og fræðsluaðila:

- Gátlisti fyrir skólastjórnendur vegna [smits nemanda/starfsfólks í grunnskólum](#).
- Gátlisti fyrir skólastjórnendur vegna [smits nemanda/starfsfólks á öðrum skólastigum](#).
- Mikilvægar leiðbeiningar [Persónuverndar vegna meðferðar persónuupplýsinga](#) í tengslum við COVID-19 á vinnustöðum.
- Gagnlegar upplýsingar um [sóttkví og áhrif hennar á nemendur og starfsfólk skóla](#).
- Algengar spurningar um skólastarf við núverandi aðstæður má finna á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins: [stjornarrad.is/skolastarf](#). Það efni verður einnig gert aðgengilegt á **ensku** og **pólsku**.
- Gagnlegt efni og gátlista fyrir skóla, nemendur og foreldra um skólastarf á tímum COVID-19 má finna í [bæklingi WHO, UNICEF og Rauða krossins](#) sem aðgengilegur er á íslensku á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Embætti landlæknis hefur tekið saman leiðbeiningar vegna barna í sóttkví.

Börn í

sóttkví: <https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item39957/B%C3%B6rn%20C3%AD%20s%C3%B3ttkv%C3%AD.pdf>

Börn með sértækar umönnunarþarfir í sóttkví – leiðbeiningar til

forráðamanna: <https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item39958/B%C3%B6rn%20me%C3%B0%20s%C3%A9rt%C3%A6kar%20um%C3%B6nnunar%C3%BEarfir%20C3%AD%20s%C3%B3ttkv%C3%AD.pdf>

Gagnlegar upplýsingar um sóttkví og áhrif hennar á nemendur og starfsfólk

skóla: <https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item39942/Gagnlegar%20uppl%C3%BDsingar%20um%20s%C3%B3ttkv%C3%AD%20og%20C3%A1hrif%20hennar%20C3%A1%20nemendur%20og%20starfsf%C3%B3lk%20sk%C3%B3la.pdf>

Þessar upplýsingar eru inn á síðu embættis Landlæknis

hér: <https://www.landlaeknir.is/koronaveira/thad-sem-thu-tharft-ad-vita/>

Einnig inn á síðu [ahs.is](#) undir „skólar“

Einnig er hér bréf til foreldra um börn í sóttkví á **ensku**. Einnig hægt að sjá hér: <https://www.ahs.is/wp-content/uploads/2020/03/Children-and-the-ban-on-gatherings-20.03.2020.pdf>

## Áætlun B

### Undirbúningur stjórnenda og kennara undir fjarkennslu næst/næstu skref ,

Starfsfólk í grunnskóladeild þurfa að vera tilbúnir með áætlun B ef loka þarf skóla og grípa til fjarkennslu. Ýmsar leiðir eru til að kenna í gegnum fjarfundabúnað og mun starfsfólk vera tilbúið með það skipulag þegar og ef þar að kemur. Í því ljósi hafa kennarar eftirfarandi í huga:

- Lesa sér til um góðar leiðir og líta til annarra skóla sem þegar kenna í fjarkennslu (messenger á facebook, Zoom, o.fl.)
- kynna sér efnið sem verið er að setja á RUV og MMS
- kenna nemendum á þær gáttir sem þeir hyggja nota
- kynna sér stöðu tölvumála og lpada á heimilum nemenda
- nemendur sem ekki hafa aðgang að tölvum heima fá fartölvu í eigu skólans
- Karaconnect hugbúnaðurinn stendur skólum til boða þeim að kostnaðarlausu á meðan skólastarf er skert vegna Covid-19.

Gagnlegir hlekkir

Skólaumbótaspjallið á facebook

Snjallkennsla.is

Snjallforritið seesaw fyrir kennara og heimili



Google classroom

<https://sites.google.com/rvkskolar.is/snillismidjur/verkefni?authuser=0&fbclid=IwAR1K1hno4NgG30vtu0lfh4IBQYtov9CRGKJBL3MMciGiGurjMNO02OIKY5Q>

smore – forrit til að búa til fréttir

wix-

karaconnect.is